

**Tillaga** A 1937/UVU  
**Flytjandi** Flokkahópur jafnaðarmanna  
**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## A 1937/UVU Þingmannatillaga um kolefnishlutlausar siglingaleiðir

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar að

- efla enn frekar norrænt iðnaðarsamstarf til að þróa tækni og regluverk fyrir kolefnishlutlausar siglingaleiðir

### Bakgrunnur

Flutningageirinn er ábyrgur fyrir u.þ.b. 13 prósentum af losun gróðuhúslofttegunda á heimsvísu. Um 90 prósent af öllum vöruflutningum heimsins, mælt í rúmmáli, fara um sjó. Það er því grundvallaratriði að draga úr losun frá siglingum og taka djörf skref í átt að kolefnishlutlausum siglingum.

Við á Norðurlöndum höfum alla burði til að vera leiðandi á heimsvísu við innleiðingu á nýrri tækni sem dregur úr losun við siglingar. Atvinnulífið vill taka þátt í þessari þróun og þess vegna ættum við að koma á fót norrænu iðnaðarsamstarfi til að stuðla að kolefnishlutlausum siglingaleiðum.

Í því felst mikið norrænt notagildi að vinna að þessu á norrænum vettvangi og koma á fót grænum siglingaleiðum til að stuðla að kolefnishlutlausum skipasiglingum á milli norrænna hafna.

Norðurlöndum, 18. nóvember 2022

Annette Lind (S)  
Camilla Gunell (ÅSD)  
Doris J. Jensen (S)  
Erkki Tuomioja (sd)  
Eva Lindh (S)  
Gunilla Carlsson (S)  
Heidi Viljanen (sd)  
Heléne Björklund (S)  
Johan Andersson (S)  
Jorodd Asphjell (A)

Karianne B. Bråthen (A)  
Kim Berg (sd)  
Lars Mejern Larsson (S)  
May Britt Lagesen (A)  
Oddný G. Harðardóttir (Sf)  
Per-Arne Håkansson (S)  
Stein Erik Lauvås (A)  
Tove Elise Madland (A)  
Truls Vasvik (A)  
Åsa Karlsson (S)